

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á árlegt sorpgjald í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	kr. 54.100
Frístundahús	kr. 26.850
Stærri býli	kr. 102.480
Minni býli	kr. 34.875
Fyrirtæki A	kr. 54.100
Fyrirtæki B	kr. 102.480
Fyrirtæki C	kr. 219.900

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjald fyrir sorphirðu vegna hræðyragáms er sem hér greinir:

Nautgripir	kr. 794 pr. stk.
Hross	kr. 398 pr. stk.
Sauðfé	kr. 146 pr. stk.
Hænur	kr. 26,80 pr. stk.

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir þar sem þeir eiga lögheimili.

4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá móttökuaðila. Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér gáma á vegum sveitarfélagsins skulu greiða sorpgjald skv. gjaldskrá.

Heimilt er að leggja álag á fyrirtækjagjald samkvæmt mati sveitarstjórnar á sorpmagni frá viðkomandi fyrirtæki, þannig að tryggt sé að gjaldið standi undir þjónustunni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1618/2021 fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi.

6. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps, 29. nóvember 2022.

Þórunn Sif Harðardóttir sveitarstjóri.